

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

97/EES/18/01 Orðsending frá eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 64. lið a í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins) - Kveðið á um skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi í Noregi 1

97/EES/18/02 Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 11. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. lið b í XV. viðauka við EES-samninginn - Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum 2

3. EFTA-dómstóllinn

97/EES/18/03 Ráðgefandi álit dómstólsins frá 14. mars 1997 í máli E-3/96 - Tor Angeir Ask og fleiri og ABB Offshore Technology AS og Aker Offshore Partner AS 3

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

97/EES/18/04 Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.773 - Westinghouse/Equipos Nucleares) 4

97/EES/18/05 Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.869 - BGT/EHG/-AIM) 4

97/EES/18/06 Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.880 - Schweizer Re/Uniorias) 5

97/EES/18/07	Engin andstaða gegn tilkyntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.883 - Prudential/HSBC/Finnish Chemicals)	5
97/EES/18/08	Engin andstaða gegn tilkyntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.887 - Castle Tower/TDF/Candover/Berkshire/HSCo)	6
97/EES/18/09	Ríkisaðstoð - Mál nr. C16/96 - Frakkland	6
97/EES/18/10	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 60/96 - Þýskaland	6
97/EES/18/11	Orðsending frá framkvæmdastjórninni samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Kveðið á um skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Saint-Etienne-Bouthéon og Nantes-Atlantique	7
97/EES/18/12	Orðsending frá framkvæmdastjórninni samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Kveðið á um skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Saint-Etienne-Bouthéon og Bordeaux-Mérignac	7
97/EES/18/13	Rekstur áætlunarflugs - Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Saint-Etienne-Bouthéon og Nantes-Atlantique	7
97/EES/18/14	Rekstur áætlunarflugs - Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Saint-Etienne-Bouthéon og Bordeaux-Mérignac	8
97/EES/18/15	Orðsending samkvæmt 5. gr. reglugerðar ráðsins nr. 19/65/EBE frá 2. mars 1965 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða	8
97/EES/18/16	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir	9
3. Dómstóllinn		
97/EES/18/17	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna	11
97/EES/18/18	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi	14

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Orðsending frá eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. 97/EES/18/01 gerðarinnar sem um getur í 64. lið a í XIII. viðauka við EES-samninginn (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins)

KVEÐIÐ Á UM SKYLDUR UM OPINBERA ÞJÓNUSTU Í ÁÆTLUNARFLUGI Í NOREGI

1. Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Noregur ákveðið að leggja á skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi frá 1. nóvember 1997 á eftirfarandi leið: Lakselv - Tromsø

2. Skyldur um opinbera þjónustu fela í sér eftirfarandi:

2.1 Lágmarkstíðni flugferða og sætaframboð

Tíðni flugferða og fjöldi millilendinga:

- Að minnsta kosti þrjú flug daglega báðar leiðir frá mánudegi til föstudags, áætluð þannig að þau tengist flugleiðum til/frá Ósló.
- Að minnsta kosti þrjú flug báðar leiðir frá laugardegi til sunnudags, áætluð þannig að þau tengist flugleiðum til/frá Ósló.
- Meðaltal millilendinga á viku má ekki fara yfir 0,33.

Sætaframboð:

- Að minnsta kosti 700 sæti bæði til og frá Tromsø frá mánudegi til föstudags, að báðum dögum meðtöldum.
- Að minnsta kosti 140 sæti bæði til og frá Tromsø frá laugardegi til sunnudags, að báðum dögum meðtöldum.

Þessi skilyrði gilda allt árið. Kröfur um millilendingar og tengingar við flugleiðir til eða frá Ósló eiga eingöngu við um lágmarksfjölda flugferða. Á laugardögum og sunnudögum ber að annast tilskilda þjónustu.

2.2 Tímaáætlanir

Dreifra skal tilskildum flugferðum jafnt á rekstrardaginn í samræmi við almenna eftirspurn eftir flugi.

Frá mánudegi til föstudags, að báðum dögum meðtöldum, eru gerðar kröfur um eftirfarandi tímaáætlanir (staðartími):

- Fyrsta koma til Tromsø fyrir kl. 09.00 og síðasta brottför til Tromsø eftir kl. 18.00.
- Fyrsta brottför frá Tromsø fyrir kl. 11.00 og síðasta brottför frá Tromsø eftir kl. 19.00.

2.3 Gerð loftfars

Nota skal loftfar skráð fyrir minnst 30 farþega og með þrýstirými fyrir tilskilin flug.

Athygli flugfélaga er sérstaklega vakin á sérstökum tækniskilyrðum og skilyrðum til athafna á flugvöllum. Unnt er að fá frekari upplýsingar hjá Luftfartsverket (Flugmálastjórn), P.O.Box 8124 Dep., N-0032 OSLO, sími + 47 22 94 20 00.

2.4 Fargjöld

- Hámarksgrunnfargjöld aðra leið mega ekki fara yfir 950 NOK á tímabilinu 1. nóvember 1997 til 31. mars 1999 og 1000 NOK fyrir tímabilið 1. apríl 1999 til 31. mars árið 2000.
- Flugfélagið skal eiga aðild að flugskiptasamningum sem gilda fyrir innanlandsleiðir á hverjum tíma og bjóða allan afslátt sem slíkir samningar fela í sér.
- Veita skal félagslegan afslátt í samræmi við gildandi venjur.

2.5 Reglubundin þjónusta

Fjöldi flugferða sem fellur niður og sem rekja má beint til flugfélagsins má ekki fara yfir 2% af fyrirhuguðum flugferðum á ári.

3. Frekari upplýsingar er hægt að fá hjá:

Samferdselsdepartementet
Postboks 8010 Dep
N-0030 OSLO

Sími: + 47 22 24 90 90
Bréfasími: +47 22 24 95 72

Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins 97/EES/18/02 og 11. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. lið b í XV. viðauka við EES-samninginn

Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum

Ákvörðunin var samþykkt þann:	19. 3. 1997
EFTA-ríki:	Ísland
Aðstoð nr.:	95-013 og 95-019
Titill:	Aðstoð vegna upptökumannvirkja fyrir skipaviðgerðir í Akureyrarhöfn, Íslandi
Markmið:	Svæðisbundin fjárfestingaraðstoð vegna skipaviðgerða
Lagastöð:	Styrkur frá Akureyrarhöfn og ríkisstyrkur samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994
Form aðstoðar:	Niðurgreidd leiga samkvæmt leigusamningi milli Akureyrarhafnar og Slippstöðvarinnar Odda hf.
Fjárhæð aðstoðar:	75,2 milljónir IKR (0,9 milljónir ECU); hreint styrksígildi 22,4% af fjárfestingarkostnaði

EFTA-DÓMSTÓLINN

RÁÐGEFANDI ÁLIT DÓMSTÓLSINS frá 14. mars 1997

97/EES/18/03

(Tilskipun ráðsins 77/187/EBE - eigendaskipti að fyrirtækjum)

í máli E-3/96

Hvað varðar beiðni til dómstólsins um ráðgefandi álit, samkvæmt 34. gr. samningsins um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, frá héraðsréttinum í Gulapíngi (Gulating lagmannsrett) í máli fyrir þeim dómstól milli

Tor Angeir Ask og fleiri og ABB Offshore Technology AS og Aker Offshore Partner AS

um túlkun á tilskipun ráðsins 77/187/EBE frá 14. febrúar 1977 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar,

skilar dómstóllinn hér með ráðgefandi álitum varðandi spurningar sem héraðsrétturinn í Gulapíngi vísaði til hans samkvæmt úrskurði frá 21. maí 1996, og eru fyrsta og þriðja spurning teknar saman:

1. mgr. 1. gr. gerðarinnar sem um getur í 23. lið XVIII. viðauka við EES-samninginn (tilskipun ráðsins 77/187/EBE frá 14. febrúar 1977 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar) ber að túlka á þann hátt að hún gildi um aðstæður þar sem tímabundinn samningur um viðhalds- og endurnýjunarstarfsemi á olúborpalli rennur út og umbjóðandi gerir nýjan tímabundinn samning við annan verktaka. Þó gildir greinin ekki ef um er að ræða flutning á umtalsverðum efnislegum eða óefnislegum eignum, þar með talinn nauðsynlegur búnaður, né heldur um flutning eða endurráðningar meirihluta starfsmanna, hvort sem um er að ræða fjölda starfsmanna eða sérþekkingu þeirra, sem fyrri verktaki valdi sérstaklega vegna samningsins.
2. Sú staðreynd að kaupin falla undir tilskipanir um opinber innkaup kemur í sjálfu sér ekki í veg fyrir að tilskipun ráðsins 77/178/EBE gildi í máli sem þessu.

Björn Haug Thór Vilhjálmsson Carl Baudenbacher

Kveðið upp í opnum réttarhöldum í Lúxemborg, 14. mars 1997.

Per Christiansen
Dómritari

Björn Haug
Forseti

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.773 - Westinghouse/Equipos Nucleares)

97/EES/18/04

Framkvæmdastjórnin ákvað 18. 12. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fíánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fíánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0773. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.869 - BGT/EHG/-AIM)

97/EES/18/05

Framkvæmdastjórnin ákvað 26. 2. 1997 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fíánleg á þýsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fíánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CDE“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 397M0869. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.880 - Schweizer Re/Uniorias)****97/EES/18/06**

Framkvæmdastjórnin ákvað 7. 2. 1997 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á þýsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CDE“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 397M0880. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.883 - Prudential/HSBC/Finnish Chemicals)****97/EES/18/07**

Framkvæmdastjórnin ákvað 13. 2. 1997 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 397M0883. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.887 - Castle Tower/TDF/Candover/Berkshire/HSCo)

97/EES/18/08

Framkvæmdastjórnin ákvað 27. 2. 1997 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 397M0887. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
 Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
 2, rue Mercier
 L-2925 Luxembourg
 Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 16/96
Frakkland

97/EES/18/09

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að ljúka málsmeðferð sem hafin var 30. apríl 1996 vegna styrkveitingar Frakklands til fyrirtækisins Ecopipe, sem framleiðir stálrör í umdæminu Réunion (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 125 frá 22. 4. 1997).

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 60/96
Þýskaland

97/EES/18/10

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar lán frá BvS og Mecklenburg-Vorpommern vegna áframhaldandi endurskipulagningar og reksturs á MTW-Schiffwerft og Volkswerft (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 120 frá 18. 4. 1997).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

European Commission
 200, rue de la Loi
 B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Orðsending frá framkvæmdastjórninni samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. 97/EES/18/11
reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92**

**Kveðið á um skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Saint-
Etienne-Bouthéon og Nantes-Atlantique**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hafa frönsk stjórnvöld ákveðið að leggja á skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Saint-Etienne-Bouthéon og Nantes-Atlantique (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C127, 24. 4. 1997).

**Orðsending frá framkvæmdastjórninni samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. 97/EES/18/12
reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92**

**Kveðið á um skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Saint-
Etienne-Bouthéon og Bordeaux-Mérignac**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hafa frönsk stjórnvöld ákveðið að leggja á skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Saint-Etienne-Bouthéon og Bordeaux-Mérignac (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C127, 24. 4. 1997).

97/EES/18/13

Rekstur áætlunarflugs

**Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr.
reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli
Saint-Etienne-Bouthéon og Nantes-Atlantique**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Frakkland ákveðið að leggja á skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Saint-Etienne-Bouthéon og Nantes-Atlantique. Skilyrðin sem bundin eru þessum skyldum um opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 127, 24. 4. 1997 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 129, 25. 4. 1997).

Ef ekkert flugfélag hefur hafið eða er um það bil að hefja áætlunarflug á fyrrnefndum leiðum, í samræmi við skylduna um opinbera þjónustu, fyrir 1. ágúst 1997, og án þess að fara fram á bótageiðslur, hefur Frakkland ákveðið, í samræmi við málsmeðferðina í d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar, að takmarka aðgang að þessum leiðum við aðeins eitt flugfélag og bjóða réttinn til að stunda rekstur á þeim frá 1. september 1997 út í almennu útboði.

Tilboðin skulu send í ábyrgðarbréfi með kvittun fyrir móttöku og gildir pósthimpill sem sönnun fyrir sendingu, eða afhent persónulega gegn kvittun, í fyrsta lagi einum mánuði og eigi síðar en fimm vikum frá birtingu þessarar auglýsingar í fyrrnefndum Stjtið. EB, fyrir kl. 17 00 að staðartíma, á eftirfarandi heimilisfang:

Chambre de Commerce et d'Industrie de St-Etienne et Montbrison
Direction Générale
57, Cours Fauriel
42024 Saint-Etienne Cedex 02

Rekstur áætlunarflugs**97/EES/18/14****Útboðsauglýsing frá Frakklandi í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 um rekstur áætlunarflugs milli Saint-Etienne-Bouthéon og Bordeaux-Mérignac**

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hefur Frakkland ákveðið að leggja á skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Saint-Etienne-Bouthéon og Bordeaux-Mérignac. Skilyrðin sem bundin eru þessum skyldum um opinbera þjónustu voru birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 127, 24. 4. 1997 (sjá nánari útlistun í Stjútíð. EB nr. C 129, 25. 4. 1997).

Ef ekkert flugfélag hefur hafið eða er um það bil að hefja áætlunarflug á fyrrnefndum leiðum, í samræmi við skylduna um opinbera þjónustu, fyrir 1. ágúst 1997, og án þess að fara fram á bótageiðslur, hefur Frakkland ákveðið, í samræmi við málsmeðferðina í d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar, að takmarka aðgang að þessum leiðum við aðeins eitt flugfélag og bjóða réttinn til að stunda rekstur á þeim frá 1. september 1997 út í almennu útboði.

Tilboðin skulu send í ábyrgðarbréfi með kvittun fyrir móttöku og gildir póststimpill sem sönnun fyrir sendingu, eða afhent persónulega gegn kvittun, í fyrsta lagi einum mánuði og eigi síðar en fimm vikum frá birtingu þessarar auglýsingar í fyrrnefndum Stjútíð. EB, fyrir kl. 17 00 að staðartíma, á eftirfarandi heimilisfang:

Chambre de Commerce et d'Industrie de St-Etienne et Montbrison
Direction Générale
57, Cours Fauriel
42024 Saint-Etienne Cedex 02

Orðsending samkvæmt 5. gr. reglugerðar ráðsins nr. 19/65/EBE frá 2. mars 1965 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða

Framkvæmdastjórnin birti orðsendingu samkvæmt 5. gr. reglugerðar ráðsins nr. 19/65/EBE frá 2. mars 1965 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða, ásamt frumdrögum að reglugerð um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1983/83 og reglugerð nr. 1984/83 frá 22. júní 1983 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 121, 19. 4. 1997. (sjá nánari útlistun í fyrrnefndum Stjútíð. EB).

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

97/EES/18/16

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtúð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtúð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtúð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
97-0063-A	Fyrirmæli frá fylkisstjórninni í Steiermark frá 13. janúar 1997 um breytingu á fyrirmælum til framkvæmdar á lögum um aðstoð vegna byggingar íbúðahúsnæðis	12.5.1997
97-0064-A	FTV 401: Fjarskiptaforskrift fyrir VSAT-radíóbúnað sem unnt er að nota til sendinga og móttöku (milliverkandi) á tíðnisviðinu 11/12/14 GHz	12.5.1997
97-0065-A	FTV 402: Fjarskiptaforskrift fyrir VSAT-radíóbúnað sem unnt er að nota til sendinga og móttöku (milliverkandi) á tíðnisviðinu 4/6 GHz	12.5.1997
97-0066-A	FTV 403: Fjarskiptaforskrift fyrir handbæran gervihnattaradíóbúnað fyrir fréttáflutning á tíðnisviðinu 11-12/13-14 GHz (SNG-radíóbúnaður)	12.5.1997
97-0067-A	FTV 476: Fjarskiptaforskrift fyrir gervihnattaradíóbúnað til móttöku á gagnamerkjum á tíðnisviðinu 4 GHz (4 GHz RO-VSAT- radíóbúnaður)	12.5.1997
97-0068-I	Breyting á reglugerð til framkvæmdar á lögum nr. 126 frá 10. apríl 1991 um staðla um upplýsingar til neytenda	12.5.1997
97-0073-B	Drög að konunglegum úrskurði um breytingu á konunglegum úrskurði frá 3. nóvember um tankabúnað á landi	5.6.1997
97-0074-UK	Reglugerðir um blýanta og teikniáhöld (öryggi) 1997	20.5.1997
97-0075-NL	Reglugerðir um hávaðamörk um borð í fiskiskipum	20.5.1997
97-0076-A	FTV 477: Fjarskiptaforskrift fyrir gervihnattaradíóbúnað til móttöku á gagnamerkjum á tíðnisviðinu 11/12 GHz (11/12 GHz RO-VSAT - radíóbúnaður)	15.5.1997
97-0078-NL	Bráðabirgðaundanþága frá skoðunarskyldu fyrir sérstakan búnað sem er notaður í skemmtigörðum	20.5.1997
97-0079-D	Sameiginleg þýskar starfsvenjur vegna eftirlits með mengun frá kyndibúnaði samkvæmt fyrstu tilkynningu um framkvæmd sambandsríkjalaga um mengunar- eftirlit og lágmarkskröfur um mælitæki til gæða- prófunar	21.5.1997
97-0080-FIN	Reglugerð um gerðarviðurkenningu á tilteknum gerðum fjarskiptabúnaðar, THK 11 G/97 M	20.5.1997

(1) Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
97-0081-UK	Reglugerðir um flutningatæki á hjólum fyrir börn (öryggi) 1997	22.5.1997
97-0082-S	Reglugerðir húsnæðisstofnunarinnar um breytingu á gildandi reglugerðum og um almennar leiðbeiningar um lyftur og tiltekinn vélknúinn búnað	21.5.1997
97-0083-S	Drög að breytingu á byggingarreglugerðum húsnæðisstofnunarinnar (BFS 1993:58) BKR 94	20.5.1997
97-0084-S	Drög að breytingu á byggingarreglugerðum húsnæðisstofnunarinnar (BFS 1993:57) BBR 94	20.5.1997
97-0085-FIN	Ákvörðun ríkisráðsins um beitingu vinnuverndarlaga gagnvart notkun á boltabyssum og eftirlit með þeim	15.5.1997
97-0086-FIN	Brunaöryggi bygginga E1, reglugerðir og leiðbeiningar, brunavarnir í framleiðslu- og vöruhúsum E2, leiðbeiningar, brunavarnir í bílskúrum, E4 leiðbeiningar, brunavarnir í kyndiklefum og eldsneytisgeymslum E9, leiðbeiningar Tæknileg reglugerð nr. 759 um endabúnað fyrir almenn faxtæki	15.5.1997
97-0087-I		20.5.1997
(³)(⁴)(⁵)		

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

(¹) Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

(²) Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

(³) Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

(⁴) Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

(⁵) Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.

DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

97/EES/18/17

Dómur dómstólsins frá 4. febrúar 1997 í sameinuðum málum C-71/95, C-155/95 og C-271/95: Konungsríkið Belgía gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, með stuðningi Lýðveldisins Frakklands (bananar - sameiginleg markaðsskipulagning - innflutningskvótar - aðild nýrra ríkja - bráðabirgðaráðstafanir).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 6. febrúar 1997 í máli C-80/95 (beiðni um forúrskurð frá Hoge Raad der Nederlanden): Harnas & Helm CV gegn Staatssecretaris van Financiën (virðisaukaskattur - túlkun á 4., 13. og 17. gr. sjöttu tilskipunar 77/388/EBE - skattskyldir einstaklingar - skuldabréfakaup og -eign).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 6. febrúar 1997 í máli C-247/95 (beiðni um forúrskurð frá Bundesfinanzhof): Finanzamt Augsburg-Stadt gegn Marktgemeinde Welden (sjötta tilskipun um virðisaukaskatt - leiga á fasteignum - opinbert yfirvald).

Dómur dómstólsins (önnur deild) frá 20. febrúar 1997 í máli C-114/94: Intelligente systemen, Database toepassing, Elektronische diensten BV (IDE) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (gerðardómsákvæði - samningur um þróun á hugbúnaði - krafa um greiðslu á útistandandi skuldum og skaðabótum - gagnkrafa um endurgreiðslu á inngreiddum fjárhæðum).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 20. febrúar 1997 í sameinuðum málum C-88/95, C-102/95 og C-103/95 (beiðni um forúrskurð frá Juzgado de lo Social de Santiago de Compostela): Bernardina Martínez Losada, Manuel Fernández Balado og José Paredes gegn Instituto Nacional de Empleo (Inem) og Instituto Nacional de la Seguridad Social (INSS) (48. og 51. gr. EB-sáttmálans - 4., 48. og 67. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 - atvinnuleysisbætur til einstaklinga sem eru eldri en 52 ára).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 20. febrúar 1997 í máli C-106/95 (beiðni um forúrskurð frá Bundesgerichtshof): Mainschiffahrts-Genossenschaft eG (MSG) gegn Les Gravières Rhénanes SARL (Brussel-samningurinn - samkomulag um staðinn þar sem samningsskuldbindingar skulu uppfylltar - samkomulag um framsal á dómsvaldi).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 20. febrúar 1997 í máli C-107/95 P: Bundesverband der Bilanzbuchhalter eV gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (áfrýjanir - málshöfðun til ógildingar - mál dómtækt - synjun framkvæmdastjórnarinnar um að hefja málaferli gegn aðildarríki vegna vanrækslu á uppfyllingu skuldbindinga - synjun framkvæmdastjórnarinnar um að gera ráðstafanir samkvæmt 3. mgr. 90. gr. EB-sáttmálans).

Dómur dómstólsins (önnur deild) frá 20. febrúar 1997 í máli C-128/95 (beiðni um forúrskurð frá Tribunal de Commerce de Lyon): Fontaine SA o.fl. gegn Aqueducs Automobiles SARL (samkeppni - dreifing á vélknúnum ökutækjum - samhliða innflutningur - reglugerð (EBE) nr. 123/85 - gildi gagnvart þriðju aðilum - óháður endurseljandi - skilgreining á „nýju ökutæki“ og „notuðu ökutæki“).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 20. febrúar 1997 í máli C-166/95 P: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Frédéric Daffix (embættismenn - brottvikning úr embætti - rökstuðningur).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 20. febrúar 1997 í máli C-260/95 (beiðni um forúrskurð frá High Court of Justice (Queen's Bench Division)): Commissioners of Customs and Excise gegn DFDS A/S (sjötta tilskipun um virðisaukaskatt - sérstakur sjóður fyrir ferðaskrifstofur - staðurinn þar sem þjónustan er skattlögð).

⁽¹⁾ Sjá Stjttíð. EB nr. C 108, 5. 4. 1997.

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 20. febrúar 1997 í máli C-344/95: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu (vanefnd aðildarríkis á skuldbindingum sínum - 48. gr. EB-sáttmálans - tilskipun 68/360/EBE).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 20. febrúar 1997 í máli C-135/96: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu (vanefnd aðildarríkis á skuldbindingum sínum - tilskipun 91/659/EBE - vanefnd á umsetningu).

Dómur dómstólsins frá 27. febrúar 1997 í máli C-177/95 (beiðni um forúrskurð frá Consiglio di Stato): Ebony Maritime SA og Loten Navigation Co. Ltd gegn Prefetto della Provincia di Brindisi o.fl. (refsiaðgerðir gegn Sambandslýðveldinu Júgóslavíu - framferði á alþjóðasiglingaleiðum - upptaka skips og farms).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 27. febrúar 1997 í máli C-220/95 (beiðni um forúrskurð frá Arrondissementsrechtbank te Amsterdam): Antonius van den Boogaard gegn Paula Laumen (Brussel-samningurinn - túlkun á 2. mgr. 1. gr. - skilgreining á rétti til eigna sem stofnað var til í hjónabandi - skilgreining á framfærslu).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 6. mars 1997 í máli C-167/95 (beiðni um forúrskurð frá Gerechtshof te 's-Hertogenbosch): Maatschap M.J.M. Linthorst, K.G.P. Pouwels og J. Scheres c.s. gegn Inspecteur der Belastingdienst/Ondernemingen Roermond (sjötta tilskipun um virðisaukaskatt - 9. gr. - dýralæknisþjónusta).

Mál C-44/97: Mál höfðað þann 4. febrúar 1997 af Sambandslýðveldinu Þýskalandi gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-48/97: Beiðni um forúrskurð frá VAT and Duties Tribunal, London, samkvæmt fyrirætlum þess dómstóls frá 15. janúar 1997 í máli Kuwait Petroleum (GB) Ltd gegn Commissioners of Customs and Excise.

Mál C-49/97: Mál höfðað þann 6. febrúar 1997 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-52/97, C-53/97 og C-54/97: Beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale di Trento samkvæmt fyrirætlum þess dómstóls frá 3. febrúar 1997 í máli fyrir þeim dómstól milli 1) Epifanio Viscido, 2) Mauro Scandella o.fl. og 3) Massimiliano Terragnolo o.fl. og Ente Poste Italiane.

Mál C-55/97 P: Áfrýjað var þann 10. febrúar 1997 af Association Internationale des Utilisateurs de Fils de Filaments Artificiels et Synthétiques et de Soie Naturelle (AIUFFASS) og Apparel, Knitting & Textiles Alliance (AKT) dómi uppkveðnum þann 12. desember 1996 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fimmta deild með auknum fjölda dómara) í máli T-380/94 milli Association Internationale des Utilisateurs de Fils de Filaments Artificiels et Synthétiques et de Soie Naturelle (AIUFFASS) og Apparel, Knitting & Textiles Alliance (AKT) annars vegar og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, með stuðningi Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, hins vegar.

Mál C-56/97: Mál höfðað þann 10. febrúar 1997 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-57/97: Mál höfðað þann 10. febrúar 1997 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Frakklandi.

Mál C-58/97: Mál höfðað þann 7. febrúar 1997 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-60/97 P: Áfrýjað var þann 11. febrúar 1997 af L.B. Rasmussen dómi uppkveðnum þann 12. desember 1996 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (þriðja deild) í máli T-130/95 milli L.B. Rasmussen og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-61/97: Beiðni um forúrskurð frá Retten i Aalborg, með bréfi frá þeim dómstól frá 7. febrúar 1997 í máli Foreningen af danske Videogramdistributører fyrir hönd Egmont Film A/S, Buena Vista Home Entertainment A/S, Scanbox Danmark A/S, Metronome Video A/S, Polygram Records A/S, Nordisk Film Video A/S, Irish Video A/S og Warner Home Video Inc. gegn Laserdisken í persónu Hans Kristian Pedersen; meðalgöngumenn: Sammenslutningen af Danske Filminstruktører, Michael Viuf Christiansen, Pioneer Electronics Denmark A/S og Videoforhandler Ove Jensen.

Mál C-62/97 P: Áfrýjað var þann 12. febrúar 1997 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna dómi uppkveðnum þann 12. desember 1996 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (önnur deild) í máli T-33/95 milli Maria Lidia Lozano Palacios og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-63/97: Beiðni um forúrskurð frá Hoge Raad der Nederlanden samkvæmt dómi þess dómstóls frá 7. febrúar 1997 í máli 1) Bayerische Motorenwerke AG og 2) BMW Nederland BV gegn Ronald Karel Deenik.

Mál C-64/97: Mál höfðað þann 14. febrúar 1997 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-66/97: Beiðni um forúrskurð frá 1º Juízo Cível da Comarca de Lisboa samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 29. janúar 1997 í máli Banco de Fomento e Exterior, SA, gegn CTV - Confecções Têxteis de Vouzela, Lda., Amândio Maurício Martins Pechim og Maria da Luz Lima Barros Raposo Pechim.

Mál C-67/97: Beiðni um forúrskurð frá Kriminalret, Frederikshavn, samkvæmt bréfi frá þeim dómstól frá 14. febrúar 1997 í máli Anklagemyndighed gegn Ditlev Bluhme.

Mál C-68/97: Mál höfðað þann 18. febrúar 1997 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Mál C-71/97: Mál höfðað þann 19. febrúar 1997 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Spáni.

Mál C-72/97: Mál höfðað þann 19. febrúar 1997 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Spáni.

Mál C-76/97: Beiðni um forúrskurð frá Bundesvergabeamt samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 5. desember 1996 í máli Walter Tögel gegn Niederösterreichische Gebietskrankenkasse.

Mál C-77/97: Beiðni um forúrskurð frá Handelsgericht Wien samkvæmt fyriræmum þess dómstóls frá 20. desember 1996 í máli Österreichische Unilever GmbH gegn Smithkline Beecham Markenartikel GesmbH.

Mál C-80/97: Mál höfðað þann 25. febrúar 1997 af Soci  t   Anonyme des Caves et des Producteurs R  unis de Roquefort (Aveyron) o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-82/97: Mál höfðað þann 25. febrúar 1997 af Bergpracht Milchwerk GmbH & Co. KG o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-83/97: Mál höfðað þann 24. febrúar 1997 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Mál C-88/97: Mál höfðað þann 28. febrúar 1997 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Portúgal.

Mál C-92/97: Mál höfðað þann 3. mars 1997 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu.

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi⁽¹⁾ 97/EES/18/18

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 25. febrúar 1997 í sameinuðum málum T-149/94 og T-181/94: Kernkraftwerke Lippe-Ems GmbH gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samningurinn um Kjarnorkubandalag Evrópu - málshöfðun til ógildingar og skaðabótamál - gerð samnings vegna útvegna á úran - einfölduð málsmeðferð - valdsvið skrifstofunnar - frestur fyrir samningsgerð - lagalegar hindranir - stefnt að því að auka fjölbreytni - uppruni úransins - markaðstengd verð).

Mál T-17/97: Mál höfðað þann 27. janúar 1997 af Viglienziezone Adriatica SpA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-26/97: Mál höfðað þann 6. febrúar 1997 af Antillean Rice Mills NV gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-41/97: Mál höfðað þann 27. febrúar 1997 af Antillean Rice Mills NV gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

(¹) Sjá Stjtið. EB nr. C 108, 5. 4. 1997.